

**421. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 13. október 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan. Gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **1009011F - Félagsmálaráð - 42**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
2. **1009017F - Félagsmálaráð - 43**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
3. **1009009F - Fjallskilanevnd - 2**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
4. **1010003F - Fjallskilanevnd - 3**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
5. **1010004F - Fjallskilanevnd - 4**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
6. **1010006F - Byggingarnevnd Tálknafjarðarhrepps - 33**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
7. **1010009F - Skólanevnd Tálknafjarðarhrepps - 55**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
8. **1009030 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 776.fundar  
stjórnar, haldinn 26.ágúst 2010.**  
Lagt fram til kynningar.
9. **1010023 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð. 23.09.2010**  
Lagt fram til kynningar.
10. **1009062 - Minjasafn Egils Ólafssonar fundargerðir stjórnar.**  
Lagt fram til kynningar.
11. **1010022 - Sjávarútvegs-og Landbúnaðarráðuneytið. Byggðakvóti  
fiskveiðiársins 2010/2011. 27.09.2010**  
Oddviti lagði fram umsókn um byggðakvóta sem send verður ráðuneytinu á morgun. Samþykkt samhljóða.
12. **1010021 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. Tilmæli vegna  
ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. 24.09.2010**  
Afgreiðslu málsins frestað. Samþykkt samhljóða.
13. **1010019 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. Ársfundur  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010. 28.09.2010**  
Oddviti mun sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
14. **1010018 - Orkustofnun. Efni:tilkynningaskyldar jarðboranir.**  
Lagt fram til kynningar.
15. **1009106 - Safn Jóns Sigurðssonar. Boð um aðstoð við 200 ára afmæli  
Jóns Sigurðssonar. 21.09.2010**  
Oddviti falið að vera í samráði við formann Hrafnseyarnefndar vegna málsins. Samþykkt samhljóða.

- 16. 1009089 - Umhverfisstofnun. Ársfundur Umhverfisstofnunar og nátturuverndarnefnda. 15.09.2010**  
Tálknafjarðarhreppur mun ekki senda fulltrúa til fundarins.
- 17. 1009064 - Skipulagsstofnun. Vegna vinnu við gerð að tillögu að nýrri skipulagsreglugerð. 10.09.2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 18. 1009063 - Félagsmálanefndir Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps yfirlýsing vegna sameiningar nefndanna**  
Hreppsnefndin lýsir ánægju sinni með þetta skref. Samþykkt samhljóða.
- 19. 1009061 - Haraldur Ólafsson. Umsókn um leyfi til hundahalds. 14.09.2010**  
Samþykkt samhljóða.
- 20. 1009060 - Sóley Dögg Kristinsdóttir, umsókn um leyfi til kattahalds. 14.09.2010**  
Samþykkt samhljóða.
- 21. 1009052 - Fjárlaganefnd. Boð um viðtal fulltrúum sveitarfélaga. 08.09.2010**  
Oddviti mun mæta fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
- 22. 1009043 - Málefli. Efni bréfs:Hvernig er staðið að talþjálfun barna og unglinga í ykkar sveitarfélagi. 01.09.2010**  
Oddviti falið að svara bréfinu. Samþykkt samhljóða.
- 23. 1009023 - Lóðarleigusamningar vegna sumarhúsalóða**  
Fyrir fundinum liggja drög að lóðarleigusamningum vegna sumarhúsa, 17. og 18. gr. felldar út úr samningnum og þannig samþykkt samhljóða.
- 24. 1010046 - Áskorun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á sjávarútvegsráðherra að auka við aflaheimildir.  
Staða margra sveitarfélaga og hafnarsjóða er slæm og með boðuðum niðurskurði á fjárlögum s.s. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og niðurfellingu á endurgreiðslu vegna tryggingagjalds, munu erfiðleikar þeirra aukast til muna.  
Aukin úthlutun á aflaheimildum er kjörin leið til að auka tekjur þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína að miklu leyti á veiðum og vinnslu sjávarafla.  
Hægt er að auka aflaheimildir í mörgum tegundum án þess að gengið sé á fiskistofna til dæmis með breytingu á aflareglu.  
Skiptar skoðanir eru um mælingar og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar en þó viljum við benda á að samkvæmt mati hennar setur veiði miðað við 25% aflareglu í stað 20% sem er í dag ekki þorsstofn í hættu heldur dregur eingöngu úr vexti hans. Breyting á aflareglu úr 20% í 25% hefði í för með sér að veiði á þorski myndi aukast um 40 þúsund tonn á árinu.  
Með slíkri breytingu á aflareglu er tekin skynsamleg ákvörðun í ljósi efnahagsástands og atvinnuála. Slík ráðstöfun hlýtur að vera réttlætanagerleg til að efla byggðir landsins og skjóta traustari fótum undir atvinnu ásamt því að auka gjaldeyrstekjur þjóðarinnar.  
Breyting á aflareglu er á valdi sjávarútvegsráðherra og í ljósi þeirra jákvæðu áhrifa sem auknar aflaheimildir hafa á samfélög eins og Tálknafjörð, skorar Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir auknum aflaheimildum sem fyrst."  
Samþykkt samhljóða.
- 25. 1010045 - Tillaga frá Birnu Benediktsdóttur og Bjarnveigu Guðbrandsdóttur. Upplýsingagjöf deildarstjóra allra deilda sveitarfélagsins verði á dagskrá hreppsnefndafunda.**  
Upplýsingagjöf skólastjóra mun fylgja fundargerðum skólanefndar, upplýsingar frá öðrum deildarstjórum munu berast til oddvita og mun verða

gerð grein fyrir þeim eftirleiðis í upplýsingagjöf framkvæmdastjóra. Samþykkt samhljóða.

**26. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Oddviti lagði fram tillögu um að auglýst verði eftir forstöðumanni tæknideildar í samstarfi við Vesturbyggð. Samþykkt samhljóða.

**27. 1009090 - Lánasjóður sveitarfélaga. Hluthafafundur. 15.09.2010**

Lagt fram til kynningar.

**28. 1009054 - Búnaðarsamband Vestfjarða. Tillaga frá Búfjárræktarnefnd. 03.09.2010**

Lagt fram til kynningar.

**29. 1009065 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. vegna samþykktar um heildarúthlutun framlags vegna lækkaðra fasteignagjalda. 13.09.10**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.45**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____